

Fundur í Háskólaráði

Dags. 27.03.2023

Staður og tími: Borgartún kl. 12.00

Málsnúmer: 2303215

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Arney Einarsdóttir. Hanna Kristín Skaptadóttir, Sævar Ari Finnbogason

Fulltrúar nemenda: Birgitta Ásbjörnsdóttir, Embla Líf Hallsdóttir

Áheyrnaraðilar: : Lydía Geirsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Stefán Wendt

Fjarverandi: Hlynur Finbogason, Ása Laufey Sigurðardóttir

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkingar. Samþykkt samhljóða
- Erindi frá nemendum
 - Nemendafélagið gekk í stofur síðustu staðlotur og töluðu við nemendur, fengu mjög góð viðbrögð og margir bókuðu auka nætur yfir staðlotuna. Eru með viðburði með atvinnulífinu t.d. Arionbanka og Sahara. Til máls tóku: ELH
 - Mikilvægt að vera alltaf með plan B á viðburðum innan félagsins. Blása þurfti af árs hátíðina þar sem svo fáir skráðu sig en ákveðið var að halda skemmtun fyrir þá 40 sem höfðu skráð sig og mæltist það vel fyrir. Til máls tóku: BÁ, ELH
 - Nemendafélagið er að gera stutt myndbönd frá staðlotunum til að auglýsa það sem nemendafélagið hefur upp á að bjóða. Til máls tóku: BÁ, ELH
 - Umræður um hvernig best er að miðla upplýsingum til nemenda og hvar. Lagt til að kanna hjá nemendum hvernig þau vilja fá upplýsingarnar til sín. Til máls tóku: BÁ, ELH
 - Nemendafélagið er að fara á Akureyri á landsfund LÍS. Athyggli vakin á herferð LÍS vegna námslána og fjárskorts í þeim málaflokki. Nemendaafélagið mun líklega senda frá sér yfirlýsingu vegna þeirra mála. Til máls tóku: BÁ, ELH
 - Nýlega hefur borið á áróðri á klósettum inni í HÍ og þá eingöngu kynhlutlausum og kvennaklósettum svokallað torfismi þar sem áróðri er beitt gegn minnihlutahópum. Til máls tóku: BÁ, MJN, LG
 - Birgitta sagði frá Sprett, prógram frá HÍ þar sem nemendum með annað mál en íslensku sem móðurmál fá bæði fjárhagslegan stuðning og námslegan stuðning í framhaldsnámi og 1sta árið í háskóla. Til máls tóku: BÁ, LG, MN Til máls tóku: JN
- Erindi frá starfsmönnum
 - Hvernig miðlum við til nemenda, þurfum við einfaldari og skilvirkari leiðir til að ná til nemenda. Til máls tóku: AE, SH, MJN
 - Staðlota gekk vel og hátíðarkvöldverður var ánægjulegur. Spurning hvort hann þurfi að heita hátíðarkvöldverður hvort það sé of mikill íburður. Uppsetningin var mjög skemmtileg þar sem erindið frá Tyrfini var meira í spjallformi en ekki fyrirlestur. Til máls tóku: MJN, AE,
 - Mikið líf á staðlotunni, verkefnavinna út um allt og í mjög misjöfnu formi



- Spurning hvort þurfi að endurhugsa uppröðun í stofur og jafnvel þurfi ný húsgögn. Til máls tóku AE, HKS, MJN, LG
 - Hver er stefna HB vegna notkunnar á AI, eiga nemendur að vitna í þá notkun eða á að draga nemendur niður í einkunn fyrir notkun á þessu. Það eru ekki komnar neinar formlegar reglur en háskólarnir eru að vinna að því að móta sameiginlega stefnu í þessum málum og eru vinnuhópar í gangi þvert á skólana. Kennarar eru að nota ChatGBT á mjög misjafnan máta í verkefnum. Til máls tóku HKS, SW, MJN, LG, SAF, AE, HLP *Lagt til að Halldóra, Lydía og Hanna Kristín geri bráðabirgðareglur sem snúa að þessu þar til sameiginleg stefna liggur fyrir.*
Lagt til að það verði námskeið fyrir kennara um notkun ChatGBT
4. Fréttir af starfsemi HB MJN fór yfir
- Aðalfundur HB 11. maí. Tveir aðilar að ganga úr stjórn
 - Miklar væringar í HVIN, mikið talað um fjármögnun háskóla og hvernig úthlutað var úr samstarfssjóðnum. Mikið rætt um sameiningar háskólanna en ráðherra leggur til að frumkvæðið komi frá háskólunum sjálfum
 - Fundur með öllum háskólunum um gerð nýs reiknilíkans. Fram kom á þeim fundi að ekki eigi að taka Covid peningana af háskólunum. Mikil áhersla framundan á rannsóknir í skólunum og í næstu gæðaútekt verður sérstök áhersla á rannsóknir.
 - Nemendafélög háskólanna funda einu sinni í mánuði með ráðherra en þar hefur þessi umræða ekki komið upp þrátt fyrir umræður um reiknilíkanið.
 - Rannsóknarsjóður hefur ekki verið auglýstur eins og á að gera samkvæmt reglugerð Bifrostar síðasta haust og vor. Mikilvægur sjóður til að koma rannsóknum af stað sem sprotastjóður. Búið að ákveða að vera með rannsóknarsjóð fyrir prófessora. Einnig verður rannsóknarsjóðurinn auglýstur aftur þegar nýr rannsóknarstjóri tekur til starfa. Nefnd um rannsóknir við skólann skilaði inn skýrslu og þar eru gerðar tillögur að þó nokkuð miklum breytingum. Innviðir við skólann þurfa að vera til staðar, bæði aðstoð við rannsakendur, bókhaldsleg þekking og þekking rannsóknarstjóra.
 - Til máls tóku: MJN, AE, LG, SAF, SW
5. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12.50

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir